

REGLUGERÐ

um desemberuppbætur til maka- og umönnunarbótaþega árið 2023.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um desemberuppbætur til þeirra sem fá greiddar maka- eða umönnunarbætur á árinu 2023.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Desemberuppbót.

Einstaklingur sem hefur fengið greiddar maka- eða umönnunarbætur skv. 5. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, á árinu 2023 skal fá greidda desemberuppbót að fjárhæð 60.187 kr. enda hafi greiðsluþegi fengið mánaðarlegar greiðslur allt árið 2023.

Greiðsluþegi sem hefur fengið greiddar maka- eða umönnunarbætur skemur en tólf mánuði á árinu 2023 á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. í samræmi við þann tíma sem hann hefur fengið greiðslur á árinu. Miða skal við 1/12 fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr., sbr. 62. gr., laga nr. 100/2007, um almannaþryggingar, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1420/2022, um desemberuppbætur til maka- og umönnunarbótaþega árið 2022.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 18. desember 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.